

Reglur um skólaakstur í Dalabyggð

Almennt

Um skólaakstur í Dalabyggð gilda reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009 með seinni breytingum ásamt eftirfarandi sérákvæðum:

Sveitarfélag/skóli

- Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar Auðarskóla.
- Daglegur skólaakstur er samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur fyrir hvert skólaár í samræmi við kennsluskipan. Fjöldi barna getur verið breytilegur á milli ára. Skólastjóra er heimilit að breyta fyrirkomulagi heimaaksturs þannig að verktaki skuli aka öðrum börnum heim en komu með honum í skóla um morguninn þó þannig að ekki sé um að ræða lengingu viðveru barna í skólabíl.
- Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur.
- Leikskólabörn eldri en 12 mánaða sem hafa fengið leikskólalásgæta nýtt skólabíl og skal tryggt sæti í skólabíl hafi forráðamaður skráð þau fyrir 1. maí ár hvert.
- Starfsfólk leikskóla sér um að klæða leikskólabörnin og gera þau tilbúin fyrir heimferð.
- Framhaldsskólanemum sem stunda nám í Menntaskóla Borgarfjarðar skal standa til boða sæti í skólabíl skrái þau sig fyrir 15. júní ár hvert.*
- Almennigur í Dalabyggð getur nýtt skólabíla varðandi far í og frá Búðardal sé laust rými í bílum. Sama gildir varðandi bíl þann sem ekur á milli Búðardals og Borgarness með framhaldsskólanema, ef laust rými er í þeim bíl þá er heimilt fyrir almenning að fá far með þeim bíl. Dalabyggð áskilur sér rétt að framfylgja þeim skilyrðum sem bílstjórum og starfsfólki Auðarskóla er gert að sæta sbr. hreint sakavottorð ef upp koma tilvik sem kalla á slíkt gagnvart almennum farþegum. Skólastjóra og/eða sveitarstjóra sé gert aðvart ef talin er þörf á að meta einstaka tilvik.

Bílstjórar/verktakar

- Bílstjórar/verktakar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabíl svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvað barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra.
- Bílstjóri heldur uppi aga í skólabíl og gætir þess að skólareglum Auðarskóla sé fylgt í bílum. Skólastjóri sér um að börn setji sig í öryggisbelti og séu rétt fest í bílstóla. Bílstjórar skulu vera snyrtilegir til fara.
- Ekki er heimilt að skipta um bílstjóra skólabíls nema skólastjóri sé upplýstur um það og viðkomandi bílstjóri sé skráður varabílstjóri.
- Bílstjóri fylgir leikskólabörnum í leikskólann og skilar þeim í umsjá starfsfólks. Bílstjóri nær í leikskólabörn í leikskóla og festir þau í sæti. Bílstjóri aðstoðar önnur börn úr og í bíl etir þörfum. Ef fleiri en tvö leikskólabörn eru í skólabíl aðstoðar starfsfólk leikskóla bílstjóra við að fylgja þeim í og úr bíl.
- Verktaki skal sjá til þess að bifreið sú sem notuð er til skólaakstursins uppfylli öll ákvæði laga, reglugerða, samninga og settra reglna um gerð, búnað og merkingu sem í gildi eru á hverjum tíma. Kostnað við breytingar sem upp kunna að koma vegna breyttra laga, reglugerða og settra reglna um gerð og búnað hennar, skal eigandi bera sjálfur. Allar bifreiðar sem notaðar eru til að aka nemendum á vegum skólans verða að hafa öryggisbelti á öllum sætum.
- Bifreiðar sem notaðar eru til aksturs á skólabörnum skulu vera snyrtilegar, loftgóðar og reyklaugar.
- Bílstjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki eða sleppa einhverjum bæjum ef aðstæður eru viðsjárverðar. Slík ákvörðun er tekin í samráði við skólastjóra. Skólastjóri getur eftir atvikum óskað eftir að skólaakstri sé flýtt, seinkað eða felldur niður vegna veðuraðstæðna.
- Bílstjóri getur neitað að flytja leikskólabörn til skóla ef veðurútlit er slæmt.
-

- Komu- og brottfarartímar eiga að vera ákveðnir og stundvísi mikilvæg. Bílstjóri skal haga akstri þannig að nemendur komi á tilsettum tíma í skólann, ekki of seint og ekki heldur of snemma til að forðast aukinn biðtíma. Bílstjórar skulu að jafnaði ekki sinna einkaerindum meðan börnin eru í bílnum né láta slík erindi seinka ferðum.
- Skólabílar eiga fasta biðstöð á skólalóð og þar er bannað að bakka. Bílstjórar skila leikskólabörnum í umsjá starfsmanns leikskóla eftir að hafa skilað grunnskólabörnum og ná í leikskólabörn í leikskóla áður en grunnskólabörn eru sótt.
- Verði slys skal skólabílstjóri strax hafa samband við lækni, lögreglu og skólastjóra. Í vondu veðri má bílstjóri ekki sleppa nemendum úr auglýn.
- Bílstjóri gætir þess eftir mætti að hafa opinn farsíma yfir daginn ef breyta þarf áætlun.
- Skólabílstjórar (og afleysingarbílstjórar) skulu sækja skyndihjálparnámskeið reglulega (annað hvert ár sbr. starfsfólk Auðarskóla.
- Þar sem því verður við komið skal skila barni sem kemur á undan bíl að morgni á undan heim. Þetta gildir þó aðeins þar sem seta barna í bíl lengist lítið eða ekkert fyrir vikið.

Farþegar/foreldrar/forráðamenn

- Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna þurfa að sækja um pláss í skólabíl fyrir 1. maí fyrir næsta skólaár. Umsóknir skal endurnýja á hverju ári.
- Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna bera ábyrgð á að útvega viðurkennda barnanilstóla fyrir sitt barn sem einungis verður notaður af því.
- Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna koma með börn sín í skólabílinn og festa þau í sitt sæti.
- Nemendur skuli vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur í hlað á morgnana.
- Neysla sælgætis, gosdrykkja, tóbaks og áfengis er óheimil í skólabílum.
- Sýna bera samferðarfólki kurteisi og tillitssemi í skólabílum.
- Ef foreldrar hafa áhuga á að senda barn sitt sem „gest“ í með skólabíl skal ræða þá fyrirætlan við skólabílstjóra og skólastjóra og fá samþykki þeirra fyrir aukafarþega.
- Bílstjórar eru ekki skyldugir til að taka aukafarangur svo sem hjól nemenda með skólabíl.
- Forðast bera að trufla bílstjóra á meðan á akstri stendur.

Reglur þessar voru að grunni til samþykktar í fræðslunefnd Dalabyggðar 8. júní 2021 og af sveitarstjórn Dalabyggðar 10. júní 2021. Byggðarráð Dalabyggðar samþykkti þær með áorðnum breytingum (í sumarleyfi sveitarstjórnar) þann 20. júlí 2023.


 Björn Bjarki Þorsteinsson
 Sveitarstjóri Dalabyggðar



** undantekning frá þessari reglu er skólaárið 2023/2024 þar sem stuðst verður við aðrar dagsetningar og háð því að laust rými sé í skólabílum.*